

**Fundargerð 6. fundar  
Bæjarstjórnar  
haldinn í Ráðhúsinu í Garði,  
3. október 2018 , kl. 17:30.**

**Fundinn sátu:**

Einar Jón Pálsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Haraldur Helgason, Ólafur Þór Ólafsson, Laufey Erlendsdóttir, Fríða Stefánsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, Pálmi Steinar Guðmundsson, Daði Bergþórsson, Magnús Stefánsson, , Vitor Hugo Rodrigues Eugenio og Guðjón Þ. Kristjánsson.

**Fundargerð ritaði: Guðjón Þ. Kristjánsson, .**

**1. Heiti sameinaðs sveitarfélags. - 1807102**

Á 8. fundi bæjarráðs þann 19. september var samþykkt tillaga að verkáætlun um val á heiti sveitarfélagsins og að Hvíta húsið ehf verði fengið til samstarfs við bæjarstjórn um val á nafnatillögum sem verði kosið um. Jafnframt að stefnt verði að því að á fundi bæjarstjórnar þann 3. október staðfesti bæjarstjórn þær tillögur að nöfnum sem kosið verði um, með það að markmiði að kosning meðal íbúa fari fram hinn 3. nóvember.

Bæjarstjóri lagði fram eftirfarandi tillögu um afgreiðslu málsins.  
Heiti sameinaðs sveitarfélags.  
Tillaga fyrir fund bæjarstjórnar 3. október 2018.

Á sameiginlegum vinnufundi allra bæjarfulltrúa í bæjarstjórn sameinaðs sveitarfélags Garðs og Sandgerðisbæjar þriðjudaginn 25. september 2018 var unnið að vali á þeim tillögum um nafn á sveitarfélagið sem kosið verði um í íbúakosningu.

Niðurstaða vinnufundarins var að leggja tillögu um eftirtalin nöfn fyrir fund bæjarstjórnar miðvikudaginn 3. október 2018:

Heiðarbyggð  
Suðurnesjabær  
Sveitarfélagið Miðgarður

Um undirbúning og framkvæmd íbúakosningar er eftirfarandi lagt til:

- \* Íbúakosning fari fram laugardaginn 3. nóvember 2018 og verði með hefðbundnum hætti í umsjón Kjörstjórnar.
- \* Íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu og eru fæddir árið 2002 og fyrr hafi kosningarétt. Erlendir ríkisborgarar með lögheimili í sveitarfélaginu hafi rétt til þátttöku, með sama hætti og viðhaft var við rafræna íbúakosningu um nafnatillögur fyrr á árinu.
- \* Fari kosningaþátttaka yfir 50% og ein tillaga hlýtur meira ein 50% greiddra atkvæða er bæjarstjórn skuldbundin til að fara eftir niðurstöðu kosningarinnar.

- \* Unnið verði að því að kosning utan kjörfundar geti hafist 14 dögum fyrir kjördag.
- \* Kosning utan kjörfundar fari fram í ráðhúsum sveitarfélagsins í Garði og Sandgerði á opnunartíma.
- \* Bæjarstjórn veiti bæjarráði fullnaðarheimild til að semja kjörskrá vegna kosningarinnar.
- \* Yfirkjörstjórn og undirkjörstjórnir verði virkjaðar til að annast framkvæmd kosningarinnar.
- \* Bæjarráði verði falin umsjón með undirbúningi og framkvæmd málsins eftir fund bæjarstjórnar þann 3. október 2018 og fram yfir íbúakosningu.

Til máls tóku: EJP, MS, HS, DB, ÓÞÓ, PSG, FS.

*Afgreiðsla:*

*Daði Bergþórsson gerði gein fyrir atkvæði sínu.*

*Bæjarstjórn samþykkir tillögu frá sameiginlegum vinnufundi allra bæjarfulltrúa í bæjarstjórn sameinaðs sveitarfélags Garðs og Sandgerðisbæjar þriðjudaginn 25. september 2018 með sjö atkvæðum. Fulltrúar H- lista sitja hjá.*

## **2. Lögreglusamþykkt: Suðurnes - 1809017**

Á 7. fundi bæjarráðs þann 12. september var samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að sameiginleg lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum verði samþykkt, með fyrirvara um breytingar á 1. og 35. gr. samþykktarinnar í ljósi sameiningar sveitarfélaganna Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs. Bæjarráð leggur einnig til að ekki verði óskað eftir staðfestingu ráðherra á lögreglusamþykktinni fyrr en niðurstaða liggur fyrir um nýtt nafn á sveitarfélaginu þannig að hægt verði að uppfæra greinar 1 og 35 með varanlegu heiti sveitarfélagsins.

Til máls tók: EJP

*Afgreiðsla:*

*Lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélögin samþykkt samhljóða. Jafnframt samþykkt að leggja til að ekki verði óskað eftir staðfestingu ráðherra á lögreglusamþykktinni fyrr en niðurstaða liggur fyrir um heiti sameinaðs sveitarfélags Garðs og Sandgerðisbæjar*

## **3. Gerðaskóli: ósk um aukningu á stöðugildum - 1806155**

Á 7. fundi bæjarráðs þann 12. september var samþykkt að verða við ósk frá Gerðaskóla um fjölgun stöðugilda stuðningsfulltrúa og var bæjarstjóra falið að leggja fram viðauka við fjárhagsáætlun vegna málsins. Fyrir liggur tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun.

Til máls tók: EJP

*Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt?..*

*Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða*

## **4. Námsvist í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags - 18061401**

Á 7. fundi bæjarráðs þann 12. september samþykkti bæjarráð samning um námsvist í grunnskóla utan sveitarfélagsins og vísaði samningnum til staðfestingar bæjarstjórnar.

Til máls tók: EJP.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt samhljóða að staðfesta afgreiðslu bæjarráðs.*

**5. Þjónustusamningur: fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar - 1806408**

Á 7. fundi bæjarráðs þann 12. september var samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að viðauki við þjónustusamning við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar verði staðfestur, þannig að hann gildi til 30. júní 2019.

Til máls tóku: EJP, DB, HS, ÓÞÓ, MS.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt samhljóða að staðfesta viðauka við þjónustusamninginn.*

**6. Dagdvöl aldraðra - 1807095**

Á 7. fundi bæjarráðs þann 12. september var samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að þjónustusamningur vegna fjögurra rýma á félagsþjónustusvæðinu í dagdvöl í Selinu í Reykjanesbæ verði samþykktur.

Til máls tóku: EJP, HS, FS, MS, MSM, HH.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt samhljóða að staðfesta samning um fjögur rými í dagdvöl aldraðra í Selinu í Reykjanesbæ.*

**7. Reynir Sandgerði: knattspyrnudeild - 1806426**

Á 8. fundi bæjarráðs þann 19. september var samþykkt að leggja til að bæjarstjórn samþykki að Knattspyrnufélaginu Reyni verði færðar kr. 250.000 í tilefni þess að knattspyrnulið Reynis vann deildarmeistaratitil 4. deildar.

Til máls tóku: EJP, HH.

*Afgreiðsla:*

*Tillaga bæjarráðs samþykkt samhljóða.*

*Bæjarstjórn sendir Knattspyrnufélaginu Reyni hamingjuóskir með árangurinn.*

**8. Grunnskólinn í Sandgerði: nafnabreyting - 1809084**

Á 2. fundi Fræðsluráðs þann 19. september var samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að heiti Grunnskólans í Sandgerði verði breytt og að skólinn fái heitið Sandgerðisskóli.

Til máls tóku: EJP, ÓÞÓ, HS, DB, FS, MSM.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt samhljóða að nafni Grunnskólans í Sandgerði verði breytt og skólinn fái heitið Sandgerðisskóli. Breytingin taki gildi samhliða nýju nafni á sameinuðu sveitarfélagi Garðs og Sandgerðis.*

**9. Sviðsstjóri stjórnslusviðs - 1809077**

Ólafur Þór Ólafsson vék sæti af fundinum við afgreiðslu þessa máls vegna tengsla við aðila málsins. Vitor Hugo Rodrigues Eugenio tók sæti hans við afgreiðslu málsins.

Starf sviðsstjóra stjórnslusviðs var auglýst laust til umsóknar í dagblöðum og á heimasíðu sveitarfélagsins þann 25. ágúst 2018, með umsóknarfresti til og með 10. september 2018.

Alls bárust 10 umsóknir um starfið. Við mat á umsækjendum var horft til þess hversu vel þeir uppfylltu þær menntunar- og hæfnikröfur sem kveðið var á um í starfsauglýsingunni. Byggt á því mati voru þeir fjórir umsækjendur sem best uppfylltu fram settar kröfur boðaðir í viðtal. Einn umsækjenda dró umsókn sína til

baka í úrvinnsluferlinu. Tveir umsækjendur þóttu hæfastir og voru þeir báðir boðaðir í annað viðtal þar sem lagt var fyrir raunhæft verkefni. Þessir tveir umsækjendur tóku einnig persónuleikamat (Hogan Personality Inventory) sem var lagt fyrir af Hagvangi. Þá hringdi mannauðsráðgjafi í umsagnaraðila fyrir þessa tvo umsækjendur, tvo fyrir hvorn. Allir þessir þættir voru metnir hjá umsækjendum. Niðurstaðan er sú að Bergný Jóna Sævarsdóttir er metin hæfust. Byggt á ofangreindu er það mat bæjarstjóra að mæla með ráðningu Bergnýjar Jónu Sævarsdóttur í starf sviðsstjóra stjórnarsýslusviðs hjá sveitarfélaginu.

Til máls tóku: EJP, ÓPÓ, MS, DB, PSG

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt með átta greiddum atkvæðum að Bergný Jóna Sævarsdóttir verði ráðin í stöðu sviðsstjóra stjórnarsýslusviðs. Magnús S. Magnússon situr hjá við afgreiðslu málsins.*

#### **10. Bæjarráð - 7 - 1809001F**

Fundur dags. 12.09.2018.

Til máls tók: EJP.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

##### 10.1 1809047 - Brunavarnir Suðurnesja: fundargerðir 2018

Undir þessum lið mættu Friðjón Einarsson, formaður stjórnar BS og Jón Guðlaugsson, slökkviliðsstjóri.

Bæjarráð tekur jákvætt í uppbyggingu nýrrar slökkvistöðvar í samræmi við framkomnar hugmyndir og samþykkir að BS hefji undirbúning fjármögnunar er verður síðan lögð fyrir bæjarráð.

##### 10.2 1808075 - Frístundavefsíða: tillaga að kaupum.

Bæjarráð samþykkir að ráðist verði í að gera sérstakan frístundavef fyrir sveitarfélagið enda er kostnaður innan ramma fjárhagsáætlunar 2018.

##### 10.3 1808064 - Fjölskyldusvið: skipulag frístundadeildar: tillögur

Málinu er frestað til næsta fundar bæjarráðs.

##### 10.4 1809035 - Áhaldahús Sandgerðis og Garðs

Málinu er frestað til næsta fundar bæjarráðs.

##### 10.5 1807102 - Heiti sameinaðs sveitarfélags

Málið rætt og ráðgjafa falið að vinna málið áfram.

##### 10.6 1806155 - Gerðaskóli: ósk um aukningu á stöðugildum

Bæjarráð samþykkir erindið og felur bæjarstjóra að leggja fram viðauka við fjárhagsáætlun vegna þessa.

Sjá 3. mál í þessari fundargerð.

##### 10.7 1809017 - Lögreglusamþykkt: Suðurnes

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að sameiginleg lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum verði samþykkt, með fyrirvara um breytingar á 1. og 35. gr. samþykktarinnar í ljósi sameiningar sveitarfélaganna Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs.

Bæjarráð leggur einnig til að ekki verði óskað eftir staðfestingu ráðherra á lögreglusamþykktinni fyrir en niðurstaða liggur fyrir um nýtt nafn á sveitarfélaginu þannig að hægt verði að uppfæra greinar 1 og 35 með varanlegu heitu sveitarfélagsins. Nýtt nafn ætti að liggja fyrir á þessu ári.

Sjá 2. mál í þessari fundargerð.

- 10.8 1809046 - Sýslumaðurinn á Suðurnesjum: umsókn um tækifærisleyfi. ósk um umsögn

Bæjarráð gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins.

- 10.9 1808079 - Halpal slf: umsókn um rekstrarleyfi: veitingastaður í flokki II

Bæjarráð gerir ekki athugasemd við veitingu starfsleyfisins.

- 10.10 1809038 - Knattspyrnufélagið Víðir: ósk um endurnýjun samnings

Bæjarráð þakkar fyrir erindið og vísar því til fjárhagsáætlunargerðar.

- 10.11 1809039 - Safnaðarheimilið í Sandgerði: ósk um styrk: orgel

Bæjarstjóra falið að ræða við bréfitara um erindið.

- 10.12 18061401 - Námsvist í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags

Bæjarráð samþykkir samninginn og vísar honum til bæjarstjórnar til staðfestingar.

Sjá 4. mál í þessari fundargerð.

- 10.13 1806408 - Þjónustusamningur: fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að viðauki við þjónustusamning við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar verði staðfestur þannig að samningur við skrifstofuna gildi til 30. júní 2019.

Sjá 5. mál í þessari fundargerð.

- 10.14 1807095 - Dagdvöl aldraðra

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að þjónustusamningur vegna fjögurra rýma á félagsþjónustusvæðinu í dagdvöl í Selinu í Reykjanesbæ verði samþykktur.

Sjá 6. mál í þessari fundargerð.

- 10.15 1809004 - HS Orka: málþing

Lagt fram til kynningar.

- 10.16 18061410 - Öldungaráð: fundargerðir 2018

Bæjarráð felur sviðstjóra að vinna minnisblað til bæjarráðs vegna breytinga á lögum um öldungaráð.

## 11. Bæjarráð - 8 - 1809005F

Fundur dags. 19.09.2018.

Til máls tóku: EJP, DB.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

- 11.1 1809074 - Sameining: staða verkefna

Lagt fram til kynningar.

Bæjarráð færir starfsfólki sveitarfélagsins, sem hefur unnið bæði erfitt og krefjandi starf í sameiningarferlinu, innilegar þakkir fyrir þeirra vinnu. Án þeirra framlags værum við ekki jafn langt komin í þeim fjölda verkefna sem vinna þarf í kjölfar sameiningarinnar.

Framundan eru ýmis spennandi verkefni sem bæjarráð hlakkar til að leysa í góðri samvinnu með starfsfólki sveitarfélagsins og íbúum.

Bæjarstjórn tekur undir þakkir bæjarráðs til starfsmanna bæjarsins.

11.2 1807102 - Heiti sameinaðs sveitarfélags

Bæjarráð samþykkir tillögu um verkáætlun og að Hvíta húsið ehf. verði fengið til samstarfs við bæjarstjórn um val á nafnatillögum sem verði kosið um.

Stefnt er að því að bæjarstjórn staðfesti þær tillögur að nöfnum sem kosið verði um á fundi bæjarstjórnar þann 3. október, með það að markmiði að kosning fari fram hinn 3. nóvember.

Sjá 1. mál í þessari fundargerð.

11.3 1809035 - Áhaldahús Sandgerðis og Garðs

Bæjarráð samþykkir að tímabundin ráðning starfsmanns í áhaldahúsinu verði framlengd til áramóta.

Bæjarráð vísar erindinu einnig til frekari vinnslu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.

11.4 1808064 - Fjölskyldusvið: skipulag frístundadeildar: tillögur

Bæjarráð samþykkir að vísa málinu til vinnslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019. Jafnframt að bæjarráð mun fá sviðsstjóra fjölskyldusviðs á fund bæjarráðs, þar sem farið verði yfir tillögu að skipulagi fjölskyldusviðs.

11.5 1806426 - Reynir Sandgerði: knattspyrnudeild

Bæjarráð óskar knattspyrnuliði Reynis innilega til hamingju með frábæran árangur í Íslandsmótinu í knattspyrnu og deildarmeistaratitil 4. deildar.

Af því tilefni leggur bæjarráð til að bæjarstjórn samþykki að Knattspyrnufélaginu Reyni verði færðar kr. 250.000.

Sjá 7. mál í þessari fundargerð.

## 12. Bæjarráð - 9 - 1809013F

Fundur dags. 25.09.2018.

Til máls tók: EJP.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

12.1 1809099 - Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins: 2019

Samþykkt að fela bæjarstjóra að óska eftir rýmri tíma til afgreiðslu fjárhagsáætlunar en lögbundið er, sbr. 62. gr. Sveitarstjórnarlaga. Samþykkt að hefja vinnu við fjárhagsáætlun á grundvelli forsenda um almennar verðlagsbreytingar, sbr. minnisblað.

12.2 1809097 - Göngustígur milli Garðs og Sandgerðis

Minnisblaðið lagt fram.

Bæjarráð lýsir ánægju með að undirbúningur framkvæmda við göngustíg milli Garðs og Sandgerðis sé hafinn.

- 12.3 1809090 - Blaðið Skiphóll: ósk um styrk  
Samþykkt að veita bæjarstjóra heimild til að kaupa auglýsingu í blaðinu Skiphól.
- 12.4 1809046 - Sýslumaðurinn á Suðurnesjum: umsókn um tækifærisleyfi. ósk um umsögn  
Bæjarráð gerir ekki athugasemd um að umrætt tækifærisleyfi verði veitt.
- 12.5 1808064 - Fjölskyldusvið: skipulag frístundadeildar: tillögur  
Samþykkt að fela bæjarstjóra og sviðsstjóra að vinna frekar úr tillögum um skipulag fjölskyldusviðs.
- 12.6 1809085 - Grunnskólinn í Sandgerði: starfsmannamál  
Samþykkt að fela bæjarstjóra að afgreiða málið í samráði við skólastjóra og sviðsstjóra.
- 12.7 1809063 - Kistugerði: ósk um vinnuáætlun  
Í ljósi þeirrar starfsemi sem fer fram í viðkomandi húsnæði, telur bæjarráð ekki mögulegt að verða við erindinu að þessu sinni.
- 12.8 18061410 - Öldungaráð: fundargerðir 2018  
Fundargerðin lögð fram.

### 13. Framkvæmda- og skipulagsráð - 3 - 1809004F

Fundur dags. 18.09.2018.

Til máls tóku: EJP, ÓÞÓ, PSG, HS, FS, ÓÞÓ, MSM

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

- 13.1 1806563 - Verndarsvæði í byggð  
Samþykkt að vísa tillögunni til kynningar hjá íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.  
Afgreiðsla:  
Bæjarstjórn samþykkir að vísa tillögu um verndarsvæði í byggð í Sandgerði til kynningar hjá íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.
- 13.2 1809067 - Deiliskipulag: Garðskagi  
Ákveðið að vinna áfram að tillögunni.
- 13.3 1806469 - Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024: Tillaga að breytingu 2018  
Ráðið samþykkir að auglýsa tillögu um breytingu á Aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008-2024 samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Afgreiðsla:  
Bæjarstjórn samþykkir að auglýsa tillögu um breytingu á Aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008-2024, samkvæmt 1. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

- 13.4 1806454 - Íbúðasvæði sunnan Sandgerðisvegjar:Tillaga að deiliskipulagi 2018  
Ráðið samþykkir að auglýsa tillögu að deiliskipulagi íbúðarsvæðis sunnan Sandgerðisvegjar samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Afgreiðsla:  
Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að auglýsa tillögu að deiliskipulagi íbúðasvæðis sunnan Sandgerðisvegjar, samkvæmt 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.
- 13.5 1806177 - Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030  
Ráðið gerir ekki athugasemdir við breytingartillögu á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar.
- 13.6 1809068 - Deiliskipulag á Keflavíkurflugvelli - Vestursvæði  
Ráðið gerir ekki athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi Keflavíkurflugvallar - Vestursvæði.
- 13.7 1809028 - Sjónarhóll 10: umsókn um lóð  
Samþykkt  
Afgreiðsla:  
Afgreiðsla Framkvæmda-og skipulagsráðs staðfest samhljóða.
- 13.8 1806550 - Suðurgata 20: umsókn um byggingarleyfi: viðbygging við bílgeymslu  
Ráðið samþykkir fyrirhuguð byggingaráform. Byggingarfulltrúa falin afgreiðsla byggingarleyfis.  
Afgreiðsla:  
Afgreiðsla Framkvæmda-og skipulagsráðs staðfest samhljóða.
- 13.9 1809053 - Heiðarholt 8: umsókn um byggingarleyfi: viðbygging  
Ráðið samþykkir fyrirhuguð byggingaráform sem eru í samræmi við gildandi deiliskipulag. Byggingarfulltrúa falin afgreiðsla byggingarleyfis.  
Afgreiðsla:  
Afgreiðsla Framkvæmda-og skipulagsráðs staðfest samhljóða.
- 13.10 1809029 - Stafnesvegur 14: umsókn um byggingarleyfi  
Samþykkt. Byggingarfulltrúa falin afgreiðsla byggingarleyfis.  
Afgreiðsla:  
Afgreiðsla Framkvæmda-og skipulagsráðs staðfest samhljóða.
- 13.11 1808078 - Breiðhóll 1: umsókn um byggingarleyfi  
Ráðið samþykkir fyrirhuguð byggingaráform. Byggingarfulltrúa falin afgreiðsla byggingarleyfis.  
Afgreiðsla:  
Afgreiðsla Framkvæmda-og skipulagsráðs staðfest samhljóða.
- 13.12 1809094 - Gauksstaðavegur 6a: umsókn um stöðuleyfi  
Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.
- 13.13 1809095 - Brimklöpp 11: umsókn um lóð  
Samþykkt  
Afgreiðsla:  
Afgreiðsla Framkvæmda-og skipulagsráðs staðfest samhljóða.



- 13.14 1809096 - Brimklöpp 2: umsókn um lóð  
Samþykkt  
Afgreiðsla:  
Afgreiðsla Framkvæmda-og skipulagsráðs staðfest samhljóða.
- 13.15 1807035 - Aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags: Endurskoðun  
Lagt fram til kynningar og áfram verður unnið að málinu í samræmi til umræður á fundinum.
- 13.16 1806561 - Sameinað sveitarfél. Garðs og Sandgerðis: umhverfisstefna  
Lagt fram til kynningar
- 13.17 1808043 - Framkvæmdaráætlun verklegra framkvæmda 2018  
Lagt fram til kynningar.

#### 14. Fræðsluráð - 2 - 1809006F

Fundur dags. 18.09.2018.

Til máls tók: EJP.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

- 14.1 1809066 - Skólastjóri Gerðaskóla  
Afgreiðsla:  
Mál til kynningar.  
Fræðsluráð þakkar Evu Björk fyrir góða kynningu.
- 14.2 1809086 - Skólastjóri Grunnskólans í Sandgerði  
Afgreiðsla:  
Mál til kynningar.  
Fræðsluráð þakkar Hólmfríði fyrir góða kynningu.
- 14.3 1809079 - Gerðaskóli: nýbygging  
Afgreiðsla:  
Mál til kynningar.  
Fræðsluráð leggur til við bæjarstjórn að fjármagn til stækkunar Gerðaskóla verði tryggt við gerð næstu fjárhagsáætlunar.
- 14.4 1809082 - Gerðaskóli:skólalóð  
Afgreiðsla:  
Mál til kynningar.  
Fræðsluráð hvetur til að hafist verði handa við framkvæmdir á skólalóð hið fyrsta.
- 14.5 1809083 - Gerðaskóli: tölvuvæðing  
Afgreiðsla:  
Mál til kynningar.  
Fræðsluráð tekur undir nauðsyn þess að móta stefnu í tölvumálum.  
Fræðsluráð vísar stefnumótun í tölvumálum til gerðar skólustefnu sveitarfélagsins.  
Fræðsluráð hvetur skólastjórnendur til að taka starfsmannamál tengd þessu upp við gerð fjárhagsáætlunar 2019.

- 14.6 1809085 - Grunnskólinn í Sandgerði: starfsmannamál  
Afgreiðsla:  
Mál til kynningar.  
Fræðsluráð vísar erindinu til afgreiðslu í bæjarráði.
- 14.7 1809084 - Grunnskólinn í Sandgerði: nafnabreyting  
Afgreiðsla:  
Fræðsluráð tekur undir ábendingar skólastjóra og leggur til við bæjarstjórn að heiti skólans verði breytt í Sandgerðisskóli.  
Sjá 8. mál í þessari fundargerð.
- 14.8 1809081 - Heimasíðan: grunnskólar  
Afgreiðsla:  
Fræðsluráð óskar eftir fjármagni til að vinna notendavænni heimasíður fyrir skólana.
- 14.9 1809080 - Grunnskólar: félagsstarf nemenda  
Afgreiðsla:  
Fræðsluráð tekur undir að efla þyrfti félagsmiðstöðvar í báðum bæjarhlutum og óskar eftir því að íþrótt- og tómstundaráð taki málið til umfjöllunar.
- 14.10 1808028 - Kjörnar nefndir: erindisbréf  
Afgreiðsla:  
Fræðsluráð bendir sérstaklega á 4. málsgrein 2. greinar erindisbréfsins þar sem segir:  
"Skólastjórar leik- og grunnskóla, leik- og grunnskólakennarar og foreldrar leik- og grunnskólabarna kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt þegar málefni viðkomandi skólastígs eru til umfjöllunar."  
  
Það er álit fræðsluráðs að þessi málsgrein henti ekki aðstæðum í sveitarfélaginu og felur starfsmanni að umorða hana og gera tillögu að breytingu á henni.  
Að öðru leyti gerir fræðsluráð ekki athugasemd við drögin utan þess að þar sem stendur skólanefnd komi fræðsluráð.
- 14.11 1808081 - Fræðsluráð: starfsáætlun 2018-2022: skólastefna  
Afgreiðsla:  
Gögn lögð fram á fundinum.  
Fræðsluráð felur starfsmanni að kanna kostnað og fyrirkomulag við gerð þeirra stefna sem fyrir liggja og leggja fram á næsta fundi ráðsins.

### 15. Ferða-, safna- og menningarráð - 3 - 1809007F

Fundur dags. 19.08.2018.

Til máls tók: EJP.

*Afgreiðsla:*  
*Fundargerðin lögð fram.*

- 15.1 1809075 - Byggðasafn

Afgreiðsla:  
Til kynningar.

15.2 1808028 - Kjörnar nefndir: erindisbréf

Afgreiðsla:

Erindisbréf lagt fram til kynningar.

Ferða- safna- og menningarráð bendir á að í 2. málsgrein 3. greinar er ofaukið orðinu "safnaðarheimila" þar sem safnaðarnefndir í Útskála- og Hvalsnessóknum eiga og sjá um safnaðarheimili.

15.3 1809088 - Menningarmál: bókaþjóf til nemenda grunnskóla

Afgreiðsla:

Ferða- safna- og menningarráð þakkar Hildi og Hrafni Harðarbörnum fyrir einstaka hugulsemi og stuðning við skólustarf og menningu í sameinuðu sveitarfélag sem fram kemur í erindi þeirra.

Ráðið vísar málinu til fræsðaluráðs og skólastjóra grunnskóla í sameinuðu sveitarfélagi.

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn tekur undir þakki Ferða- safna- og menningarráðs til Hildar Harðardóttur og Hrafns Harðarsonar.

**16. Fjölskyldu- og velferðarráð: fundargerðir 2018 - 1806200**

Fundur dags. 16.08.2018.

Til máls tók: EJP

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

**17. Samband íslenskra sveitarfélaga: fundargerðir 2018 - 1806029**

862. fundur stjórnar dags. 31.08.2018.

Til máls tók: EJP.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

**18. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum: fundargerðir 2018 - 1806028**

734. fundur stjórnar dags. 22.08.2018.

Til máls tók: EJP.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

**19. Sorpeyðingarstöð Suðurnesja: fundargerðir 2018 - 18061404**

a) aðalfundur dags.27.08.2018.

b) 494. fundur stjórnar dags. 16.08.2018.

c) 495. fundur stjórnar dags. 06.09.2018.

Til máls tók: EJP.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðir lagðar fram.*

**20. Brunavarnir Suðurnesja: fundargerðir 2018 - 1809047**

a) 30. fundur stjórnar dags. 09.05.2018.

b) 31. fundur stjórnar dags. 23.05.2018.

6. fundur Bæjarstjórnar  
04.10.2018

- c) 32. fundur stjórnar dags. 11.06.2018.
- d) 33. fundur stjórnar dags. 16.07.2018.

Til máls tóku:

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðir lagðar fram.*

**21. Reykjanes jarðvangur: fundargerðir 2017 og 2018 - 1806568**

- a) 45. fundur stjórnar dags. 17.09.2018.
- b) Skýrsla stjórnar Reykjanes jarðvangs 2017-2018.

Til máls tóku:

*Afgreiðsla:*

*Fundargerð lögð fram.*

*Skýrsla stjórnar lögð fram.*

Fundi slitið kl. 19:35.

---

Einar Jón Pálsson

---

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

---

Haraldur Helgason

---

Ólafur Þór Ólafsson

---

Laufey Erlendsdóttir

---

Fríða Stefánsdóttir

---

Magnús Sigfús Magnússon

---

Pálmi Steinar Guðmundsson

---

Daði Bergþórsson

---

Magnús Stefánsson

---

Vitor Hugo Rodrigues Eugenio

---